



Pési

Næsti Pési kemur út
11.febr 2016. Efni þarf
að berast í síðasta lagi
7.febr 2016.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Fullt af nýjum, skemmtilegum og spennandi bókum á safninu fyrir börn, unglinga og fullorðna.

Einnig Vikan, Gestgjafinn, Hús & Híbýli og ýmislegt fleira sem gaman er að glugga í.

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



leitir.is



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,
frá kl: 12:00-15:00

jan 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
300.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Árið 2016 er runnið upp og með nýju ári fylgja alltaf spennandi tímamót. Fyrsta vinna okkar á skrifstofunni er að huga að skipulagningu verkefna ársins og fara yfir og loka árinu 2015 hvað varðar rekstur sveitarfélagsins. Það kemur síðan ekki endanlega í ljós hvernig þetta lítur út hjá okkur fyrir en ársreikningur liggur fyrir í apríl.

Það er hins vegar ljóst að launakostnaður sveitarfélagsins hefur aukist verulega en á móti kemur að útsvarstekjur eru að aukast og þar sem tekjur ríkissjóðs hafa einnig aukist verulega þá aukast tekjur sveitarfélagsins einnig í gegn um Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga. Þó launakostnaður hafi aukist þá er það nú svo að sem betur fer hefur fólkið á lægstu laununum notið þess að talsverðu marki. Vonandi munu þessar launahækkningar skila góðri kaupmáttaraukningu þannig að þetta allt saman skili fólki og fjölskyldum betri afkomu og einnig er það von mín að verðbólgan haldist í skefjum en þá græða allir.

Síðan er eitt velmegunareinkenni að koma í ljós sem er að kostnaður við eyðingu og meðhöndlun sorps hefur aukist verulega á milli ára. Stafar það fyrst og fremst af auknu magni af sorpi. Skv. lauslegu mati sýnist mér að magn og kostnaður sé að aukast um 20% á milli ára. Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að þetta sýnir aukin umsvif í samfélaginu, framkvæmdir og framleiðsla eru greinilega að aukast og aukinn fjöldi ferðamanna hefur eflaust einnig mikil áhrif. Þetta sýnir líka þörf á því að heimili og fyrirtæki hugsi um að flokka sorp og endurnýta sem mest þau geta.

Nú er nýr sorpbæklingur tilbúinn og verður honum dreift inn á öll heimili og fyrirtæki auk þess að vera aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins. Það er von mín að fólk og fyrirtæki nýti sér þessar upplýsingar til að auka meðvitund sína um nauðsyn þess að flokka og endurnýta sorp sem frá þeim kemur. Varðandi sorphirðuna þá vil ég minna á að við þær vetraraðstæður sem ríkja um þessar mundir, að vandasant getur verið að sinna sorpþjónustu og hvet ég fólk til að moka frá sorpílátum og eftir atvikum að reyna að koma í veg fyrir hálfu til að auðvelda sorphirðu.

Í verstu tilfellum er nefnilega ekki hægt að komast að sorphlátum vegna hálfu eða snjóa. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á sorphirðudagatali vegna grátunnu og blátunnu sem er bæði aðgengileg í Pésanum og á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is.

Það var gaman að taka þátt í vígslu, eða eftir atvikum endurvígslu íþróttahússins, á milli jóla og nýárs. Það var afslappað andrúmloft yfir þessari hátíð og einnig var ánægjulegt að sjá mörg andlit „eldri“ íþróttamanna. Það er hætt við því að þessi hópur hefði viljað hafa þessa aðstöðu við höndina þegar þeir voru upp á sitt besta.

Í framhaldi af því hvet ég eldri borgara til þess að nýta sér húsið með einhverjum hætti því það er eflaust hægt að finna ýmsa lausa tíma í húsinu til að þjónusta þennan hóp auk þess sem tækjasalurinn er opinn.

Einnig var það ánægjuefni að hægt var að fara að keyra nýjan Hvammsveg núna fyrir jólin. Þó margt sé nú eftir við þá vegalagningu er vegurinn orðinn ferðafær og í raun þegar mikil samgöngubót vegna mikillar umferðar í Gömlu laugina. Gamla laugin er síðan alveg sér kapituli út af fyrir sig og hefur og mun sá mikli fjöldi ferðamanna sem sækir laugina heim hafa varanleg jákvæð áhrif á möguleika okkar samfélags til að sækja fram í ferðamannaíðnaðinum.

Árið 2015 og jólin voru kvödd með brennum um áramót og „helgarþrettándanum“ auk glæsilegrar flugeldasýningar hjá Björgunarfélaginu Eyvindi. Vil ég þakka öllum sjálfbóðaliðum sem komu að þessum viðburðum. Að lokum hvet ég fólk til að stríða myrkrinu og láta ljós loga út janúarmánuð.

Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

HÚSALEIGUBÆTUR

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta (skv 10. gr laga um húsaleigubætur). Hægt er að lesa löggin í heild á velferdarraduneyti.is

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Hrunamanna-hrepps fyrir 20.janúar 2016.

Ágætu lesendur

Á árinu sem var að líða var mikið um verkefni hjá Hrunamannahreppi og ætla ég að tæpa á því helsta í þessum pistli.

Aðalskipulagsvinna er í fullum gangi og hafa verið haldnir allmargir vinnufundir með ráðgjöfum okkar í þeim málum. Stefnt er að opnum kynningarfundum í byrjun næsta mánaðar og vonast ég til að íbúar mæti vel og taki þátt í gerð skipulagsins. Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag Hrunamannahrepps taki gildi í vor eða sumar.

Undirritaður var leigusamningur við Kirkjuna vegna Hrunaréttu og vegna vatnstöku á því svæði.

Einnig var undirritaður leigusamningur við Fannborg um nýtingu á 6 ha lóð í Kerlingarfjöllum sem felur í sér uppbyggingaráform þar inn frá, en einnig mun félagið hafa umsjón með mun stærra svæði í fjöllunum. Þar er hafin bygging nýs hótels og eru þegar komin 20 herbergi sem er þó aðeins fyrsti áfangi byggingar sem fyrirhugað er að klára á næstu árum.

Sett var á stofn ungmennaráð í sveitarfélaginu á árinu og verður gaman að sjá hvort ungmennin láti meira til sín taka í málefnum hreppsins.

Vinnuhópur á vegum sveitarfélagsins hefur verið að störfum þar sem skoðað er hvernig best sé að taka á móti nýbúum sem flytjast á svæðið, og hafa þau unnið að gerð upplýsingabæklings á nokkrum tungumálum sem dreift verður til þeirra sem vilja.

Sveitarstjórn tók ákvörðun um að bjóða uppá tómstundastyrki á þessu ári fyrir börn á aldrinum 6-16 ára og verður hægt að sækja um þá á skrifstofu sveitarfélagsins, annars vegar fyrir vorönn og hins vegar haustönn. Styrkurinn hljóðar uppá 10.000 kr. fyrir hvora önn.

Nú er loksins búið að leggja bundið slitlag á allar íbúðargötur á Flúðum sem eru á vegum sveitarfélagsins en í vor var farið í Högnastíg og stubbinn innst í Vesturbrún. Það var Gröfutækni sem átti lægsta boð í verkið og gekk vel að klára þessar götur með malbiki bæði á götuna sjálfa og gangstétt. Eins og ávallt er um að ræða verkefni sem íbúarnir taka ákveðin þátt í samkvæmt samkomulagi, en öll ásýnd og umhverfi batnar til muna við þessa framkvæmd og verðmæti hvernar eignar hækkar fyrir vikið.

Nú er verið að vinna í nýjum Hvammsvegi en Árni Hjalta átti þar lægsta boð en verkefnið klárast í vor. Vegagerðin var búin að reyna að gefa okkur gamla veginn en við vildum ekki þiggja hann í því ásigkomulagi sem hann var í. Þess vegna er um að ræða verkefni sem er í samstarfi Vegagerðar, hreppsins og íbúanna. Um leið verður gerður reiðvegur með veginum og gamli notaður að hluta, eins er búið að leggja reiðveg undir brúnna, flott verk þar!

Vegagerðin áformar seinnipart sumars að bjóða út uppbyggingu á Langholtsvegi frá Melum og áleiðis að Efra-Langholti, mjög þarft verk og löngu tímabært.

Farið var í að bjóða út sorphirðu í sveitarfélaginu í vor þar sem Tómas Þórir hafði óskað eftir því að hætta og það var Íslenska gámafélagið sem hreppti hnossið og tók formlega við 1. okt.

Á árinu var lokið við gerð atvinnustefnu fyrir Hrunamannahrepp og er hún sett upp þannig að reynt er að átta sig á því hvernig atvinnulífið stendur í sveitarfélaginu og hvert eigi að stefna. Það eru oft sem við finnum fyrir áhuga á uppbyggingu í sveitarfélaginu en nú eru fjársterkir aðilar að skoða með byggingu á stóru hóteli á svæðinu.

Þá hafa Vesturportsmenn áhuga á að koma á fót leikhúsi með tilheyrandi starfsemi í landi Grafar. Mjög áhugavert verkefni þar.

Það var afskaplega ánægjulegt að bakarí hafi opnað á Flúðum nú á dögum og óska ég eigendum alls hins besta í framtíðinni, góð viðbót í flórana í sveitinni okkar.

Ánægjulegt er að sjá nýja límréshúsið risið með tilheyrandi aukningu á starfsemi í Torfdalnum.

Nú í byrjun árs verður farið í að prófa Kópsvatnsholuna í samvinnu við HS orku og vonandi fáum við jákvæðar niðurstöður út úr þeim prófunum.

Stóra verkefnið sem kláraðist í haust, íþróttahúsið er dæmi um verkefni sem styrkir okkar góða samfélag enn frekar. Nú eigum við vel búið íþróttahús í fullri stærð sem á eftir að nýtast íbúum og gestum vel um ókomin ár. Ég vil þakka öllum sem komu að verkefninu, bæði verktökum og okkar starfsmönnum alveg sérstaklega fyrir vasklega framgöngu. Ánægjulegt samstarf við Ungmennafélagið var með að fylla húsið af búnaði, en fjármunir til þess fengust að stórum hluta með styrkjum og sölu auglýsinga í húsið.

Eftir svona miklar framkvæmdir verður líklega eitthvert hlé á stærri verkefnum hjá sveitarfélaginu en áfram verður unnið að viðhaldsmálum svo sem á Flúðaskóla og félagsheimili, einnig þarf að endurnýja slitlag á Akurgerði og Vesturbrún.

Nú í janúar verður væntanlega samþykkt í þeim sveitarfélögum sem reka Skip og Bygg á Laugarvatni að sameina Tæknisvið Uppsveita og Skipulags- og byggingafulltrúaembættið

Þetta verður minn síðasti áramótapistill sem oddviti þar sem fjölskyldan stefnir að því að flytja á mölina í vor. Ég vil þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að sitja í sveitarstjórn en þessi 14 ár sem ég hef starfað að sveitarstjórnarmálum hafa verið ákaflega gefandi og oftast skemmtileg.

Óska ég íbúum Hrunamannahrepps og öðrum lesendum Pésans alls hins besta á nýju ári.

Ragnar Magnússon Oddviti

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til föstudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Hjónaball 2016!!!
Hjónaballið 2016 verður 5. mars.
Takið daginn frá:)



Söngfólk athugið.

Æfingar hefjast að nýju fimmtudagskvöldið
14.jan kl. 20:30 í Félagsheimilinu. Við tökum
vel á móti nýju fólki. Alltaf eitthvað spennandi
á dagskránni! ☺

Kirkjukórinn



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Gríms-
nesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.

**Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.**

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Hand-
snyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plökkun.

Tímappantanir í Síma 856-1599



Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessyslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Fyrirhugað er að halda reiðnámskeið í Reiðhöllinni á Flúðum fyrir börn og unglinga.

Áherslur námskeiðsins miða við þjálfun knapa og hrossa með keppni í huga og verður námskeiðið keyrt samhliða Uppsveitadeild æskunnar í samstarfi við hestamannafélagið Loga.

Kennari verður Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir.

Dagsetningar:

Mánudagur 15. febrúar

Mánudagur 22. febrúar

Mánudagur 29. febrúar

Mánudagur 7. mars

Mánudagur 14. mars

Mánudagur 11. apríl



Skráning á smarakrakkar@gmail.com fyrir 12. febrúar

Námskeiðsgjald 8.000,-

Mótadagar Uppsveitadeildar æskunnar eru:

Laugardagur 5. mars

Laugardagur 16. apríl

Laugardagur 7. maí

S.S. FRÉTTIR.....

Deildastjórafundur Sláturfélags Suðurlands, var haldinn í starfsstöð félagsins á Hvolsvelli, föstudaginn 11. des. sl. Forstjóri og stjórnarformaður sögðu frá því helsta í rekstri S.S. Fyrri hluti rekstrarársins sýnir góða afkomu, en árið í heild er óuppert. Eins og gengur skiptast á skin og skúrir, í harðnandi samkeppni, en þegar á heildina er litið megum við vel við una. Að venju verður farið yfir ársrekstur í heild sinni á komandi deildafundi okkar, með Skeiða og Gnúpverjadeildum, sem haldinn verður í Árnesi miðvikudaginn 24. febrúar n.k. Nánar auglýst síðar. Vil benda á heimasíðu S.S Þar sem m.a. er búið að birta nýtt verð á YARA áburði, sem felur í sér 12% lækkun á milli ára.

Kæru sveitungar: Sláturfélag Suðurlands óskar ykkur gæfu og gleði á nýju ári, og þakkar ánægjulegt samstarf og viðskipti fyrr og nú.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.



Staða leikskólastjóra í Undralandi á Flúðum

Í Hrunamannahreppi er laus staða leikskólastjóra leikskólans Undralands. Leikskólinn er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum.

Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri leikskólans.
- Fagleg forysta og forysta í samstarfi við foreldra og grenndarsamfélag.
- Stjórnun og ráðning starfsfólks.

Vinna að framvindu og þróun í starfi leikskólans.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni. Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 35-40 nemendur í þremur deildum.

Sjá nánar á <http://www.undraland.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Öflug atvinnustarfssemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Grunnskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stoðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum.

Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ fyrir hönd Félags stjórnenda leikskóla.

Umsóknarfrestur er til 26. janúar n.k. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. apríl nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á

skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A., www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Fyrstur kemur fyrstur fær!!

Til sölu er þessi glæsilega rennireið sem er Skoda Octavia árg. 2004. Hún hefur flutt margan höfðingjann og ekki síður glæstan varning í hinar finustu veislur Íslandssögunnar til margra ára og alltaf staðið sína plikt. Hefur frá mörgu að segja og er mjög vel á sig komin Allar uppl. í síma 844-8211.



Smárafréttir

JANÚAR 2016



Minum á ... Aðalfund Smára 2016

Sem haldinn verður í reiðhöllinni á Flúðum

24 janúar kl. 20.30

Venjuleg aðalfundarstörf

Vonumst til að sjá sem flesta

stjórnin

Senn líður að nýju starfsári hjá hestamannafélaginu Smára. Til að starfið sé gott og hægt sé að efla það enn frekar má alltaf gera betur. Að starfa í félagsmálum er bæði gefandi og skemmtilegt og virkir félagsmenn eru gulls ígildi og vinna hörðum höndum til að styrkja félagið. Margar hendur vinna létt verk. Það væri gaman að heyra frá ykkur félagsmenn sem væruð til að leggja okkur lið og starfa með okkur í stjórnnum og nefndum félagsins, það er alltaf pláss fyrir nýjar hugmyndir og fleiri hendur. Endilega hafið samband við okkur í stjórninni, komið í kaffi á aðalfund eða sendið okkur línu á smari@smari.is

Nú þegar vetrarstarfið er að fara í gang viljum við einnig bjóða nýja félaga velkomna í félagið. Rétt er að benda á þá vinnureglu stjórnar að nýjir félagar teljast ekki gjaldgengir á mótum eða öðrum viðburðum í nafni félagsins fyrr en að 30 dögum liðnum frá umsókn um inngöngu í félagið. Umsóknir má senda á smari@smari.is

Minnun á að **WORLD FENGUR** er frír fyrir félagsmenn. Endilega sendið nafn, kennitölu og netfang á smari@smari.is og aðgangur verður virkjaður.



DAGSKRÁ 2016

(birt með fyrirvara um breytingar)

JANÚAR	Fræðslukvöld með Guðríði Evu dýralækni
JANÚAR	Upplýsingakvöld um æskulýðsstarf f. börn og foreldra
24 JANÚAR	Aðalfundur Smára
13 FEB	1 vetrarmót
19 FEB	Uppsveitadeild fullorðinna
5 MARS	Uppsveitadeild Æskunnar
6 MARS	2 vetrarmót
FEB-MARS	Námskeið fyrir lengra komna með eigin hesta -undirbúningur fyrir Uppsveitadeild Æskunnar
18 MARS	Uppsveitadeild fullorðinna
23 MARS	Sameiginlegt töltmót Smára, Loga og Trausta
8 APRÍL	Uppsveitadeild fullorðinna
16 APRÍL	Uppsveitadeild Æskunnar
23 APRÍL	3 vetrarmót
MARS-MAÍ	Reiðskóli með Steina í Syðra-Langholti
7 MAÍ	Uppsveitadeild Æskunnar
27-29 MAÍ	Hestheimaferð
MAÍ-JÚNÍ	Þjálfun fyrir Landsmót
26 JÚNÍ	Brokk og Skokk
27.6-3.7	LANDSMÓT Á HÓLUM

1 VETRARMÓT 2015 verður haldið 13 febrúar á

Flúðum. Mótið hefst kl. 14.00 á pollaflokk inn í reiðhöll.

Tekið verður við skráningum frá 13.30

Keppt verður í :

Pollaflokk

Unghrossaflokk (hross fædd 2011 og 2012)

Barnaflokk

Ungmennaflokk

II flokk fullorðinna

I flokk fullorðinna



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-8:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 12:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8-12 og 13-17 alla virka daga. Sími skrifstofu 486-1070, Halldóra og 892-2370 Pálmar netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss

892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.

892-2316-Lukasz útkeyrsla

892-2308-Trailer.

*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Kæru Sveitungar

Vona að þið hafið öll átt gleðileg jól og áramót.

Eftir yndislegt jólafrí ætla ég að byrja aftur með jóga tíma í Bragganum í Birtingaholti.

Jógatímarnir verða alls 10, klukkutími í senn. Kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum.

Það verða tvær tímasetningar í boði, fyrri hópurinn mætir kl 17.15 og sá seinni kl 18.30.

Eins og fyrr verður námskeiðið á 10.000 kr.

Allir eru velkomnir, bæði þeir sem hafa reynslu af jóga sem og þið hin sem langar að prófa, bæði karlar og konur.

Við munum fara mjúklega af stað og smátt og smátt reynum við meira á okkur.

Það má koma inn hvenær sem er á tímabilinu.

Namaste

Lára Jógakennari s. 7751662



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík

Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is

Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Verð með opið miðvikudaginn 20. janúar, og næstu miðvikudaga.

Tímamantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Athugið!! Framvegis er opið á miðvikudögum

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hólsúnd frá landsmári

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Íþróttahúsið

Eldri borgarar hafa verið svo lánsamir að hafa fengið tíma í húsinu tvisvar í viku

1. á **mánudögum kl. 10:00 – 11:00** og þá verður ganga
2. og á **fimmtudögum kl. 15:00 – 16:10** verður boccia (fyrir þá sem vilja) og ganga.

Ef til vill finnst einhverjum undarlegt að fara í íþróttarhúsið til að ganga en meðan hálfan er mikil er gott að geta hreyft sig innandyra.

Allir 60 ára + (ekki bundið við aðild að Félagi eldri Hrunamanna) og aðrir áhugasamir eru velkomnir

Jóga

Jóga hefst aftur fimmtudaginn 16. janúar. Hægt er að bæta við fleiri þátttakendum, allir velkomnir. Æfingar eru gerðar ýmist sitjandi eða standandi.

Opið hús

Opið hús verður í Félagsheimilinu **miðvikudaginn 20. janúar kl. 14:00.** Þá verður spilað bingó, fri spjöld, vinningar og eitthvað fleira. Kaffisala á vegum Kvenfélagsins.

Árshátíðin

Enn er minnt á árshátíðina sem verður 18. febrúar í Félagsheimilinu. Húsið opnar kl. 19:00 og borðhald kl. 19:30. Veislustjóri er Jón Bjarnason. Takið með ykkur gesti. Nánar auglýst síðar.

Leirlistarnámskeið

Júlíana Magnúsdóttir í Reykholti hefur áhuga á að halda leirlistanámskeið í Heimalandi. Áhugasamir hafið samband við stjórn félagsins.

Með bestu kveðju,

stjórnin



Sorphirðudagatal 2016

janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9	7	8	9	10	11	12	13	6	7	8	9	10	11	12
10	11	12	13	14	15	16	14	15	16	17	18	19	20	13	14	15	16	17	18	19
17	18	19	20	21	22	23	21	22	23	24	25	26	27	20	21	22	23	24	25	26
24	25	26	27	28	29	30	28	29						27	28	29	30	31		
31																				

apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9	1	2	3	4	5	6	7	1	2	3	4	5	6	7
10	11	12	13	14	15	16	8	9	10	11	12	13	14	8	9	10	11	12	13	14
17	18	19	20	21	22	23	15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
24	25	26	27	28	29	30	22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
							29	30	31					26	27	28	29	30		

júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9	1	2	3	4	5	6	13	4	5	6	7	8	9	10
10	11	12	13	14	15	16	7	8	9	10	11	12	13	11	12	13	14	15	16	17
17	18	19	20	21	22	23	14	15	16	17	18	19	20	18	19	20	21	22	23	24
24	25	26	27	28	29	30	21	22	23	24	25	26	27	25	26	27	28	29	30	
31							28	29	30	31										

október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12	4	5	6	7	8	9	10
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19	11	12	13	14	15	16	17
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26	18	19	20	21	22	23	24
23	24	25	26	27	28	29	27	28	29	30				25	26	27	28	29	30	31
30	31																			

Litalykill:



Hrunamannahreppur

- Gráa tunnan - Neðri Hrunamannahreppur
- Gráa tunnan - Efri Hrunamannahreppur
- Bláa tunnan - Allur Hrunamannahreppur
- Heyrúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirðing fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxá.

Hrunamannahreppur 2015

Karlasport

Mánudaginn 18. janúar hefst 7 vikna námskeið fyrir karla á öllum aldri. Karlasportið verður 2svar sinnum í viku í íþróttahúsinu á Flúðum. Námskeiðið verður byggt upp þannig að á mánudögum verður unnið með alhliða æfingar, teygju-, styrktar- og þrekæfingar. Á miðvikudögum verður meira verið í körfuboltaæfingum og spili. Rétt er að taka fram að þessar æfingar eru ekki að taka tíma af þeim old-boys æfingum sem eru í gangi nú þegar, salnum verður einfaldlega skipt í tvennt og áfram boðið upp á old-boys æfingarnar eins og verið hefur.

Kostnaður við karlasportið er 10.500 krónur, innifalið er aðgangur í sund á mánudögum eftir æfingar þar sem tilvalið getur verið að skella sér í heita pottinn.

Æfingátímar: Mánudagar 18.30-19.30 og Miðvikudagar 20.00-21.00

Árni Þór Hilmarsson sér um þjálfunina á námskeiðinu og tekur hann við skráningum á netfangið arni@fludaskoli.is ásamt því að svara spurningum um karlasportið.



**RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS**

**TÖKUM AÐ OKKUR!
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU**



**SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA**

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

**SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.**

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

Flugeldasýning 2016

Laugardaginn 9. Janúar var haldin flugeldasýning sem var í boði fyrirtækja og einstaklinga á svæðinu. Viljum við þakka þessum aðilum fyrir glæsilegt framlag til samfélagsins.

Einnig viljum við þakka Tómasi Þóri fyrir flutning á sprengiefninu á skotstað

Með von um gott og slysalaust ár

Björgunarfélagið Eyvindur og unglíngadeildin Vindur

Eftirtaldir aðilar buðu uppá flugeldasýninguna 2016

Auðsholtsbúið	Íslenskt grænmeti ehf
Arion banki	Kaffi Sel
Arnfríður Dalbæ	Kjöt frá Koti
Árni ehf	Landsbankinn
Bryðjuholtsbúið	Landstólpi
Búnaðarfélag Hrunamanna	Límtré Vírmet
Eiríkur á Grafarbakka	Loðdýrabúið Ásgerði
Emil á Grafarbakka	Ónafngreindur
Fjallaraf	Pizzavagninn
Flúðaleið	Ragnar og Marta
Flúðaverktakar	Skipholt 3
Fossi ehf	Sólheimabúið
Fögrusteinar	Sölufélag Garðyrkjumanna
Gamla Laugin	Veitandi
Gistiheimilið Flúðum	Vinnuvélar Úlfars Harðar
Gistiheimilið Syðra-Langholti	
Grænnaland	
Gröfutækni	
Hótel Flúðir	
Hitaveita Flúða	
Hrunamannahreppur	
Hús og Stigar	

Frá víslu Íþróttahússins þann 29. desember sl.



Þrettándabrenna 2016



ÞORRABLÓT

Laugardaginn 30.janúar 2016.

Hið árlega Þorrablót Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldið í Félagsheimili Hrunamanna.

Borðhald hefst kl.20:00 en húsið opnar kl.19:30.

Hljómsveitin Andrea Gylfa og þorraprælarnir
leikur fyrir dansi.

Selt verður inn á ballið eftir borðhald. Verð á ball 2.500.-

Mat og drykk ráðið þið sjálf og takið með ykkur.

Mælum með sem fjölbreyttustum þorramat.

Flutt verður Minni karla og kvenna.

Miðana þarf að panta í síðasta lagi 25.janúar og hægt verður að sækja þá í Verslunina Strax þriðjudaginn

26.janúar frá 15:00-18:00

Ath.ekki posi á staðnum.

Miðaverð 3.500.-

Allur ágóði rennur til góðgerðamála innan sveitarinnar

Allir velkomnir. Tilvalið fyrir brottflutta, nýflutta, vini og kunningja að koma á frábæra skemmtun.

Vinsamlegast takið fram fjölda borðfélaga ,miðapantanir berist til:

Elísabet Sigurðardóttir 8472322

Mildrid Steinberg 5515605 / 8211201

Edda Guðmundsdóttir 4866577 / 8620572

Guðbjörg Sigurgeirsdóttir 6986921.

Kvenfélag Hrunamannahrepps.